

IV. KAFLI

12. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

13. gr.

Fjarhitun hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða gjöld til veitunnar. Heimilt er og að loka vatnsrennsli að húsi, sem vangreidd eru af gjöld.

Lokun skal tilkynnt með a.m.k. 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilum veldur og er gjaldið kr. 450,00 fyrir hvert skipti.

14. gr.

Einungis starfsmönnum fjarhitunarinnar er heimilt að breyta innsigliðum tengihlutum veitunnar.

15. gr.

Eftirlitsmaður fjarhitunarinnar skal hvenær sem er hafa frjálstan aðgang að öllum búnaði, sem er í sambandi við hana.

Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

V. KAFLI

16. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. desember 1984, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er út gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 341, 23. júlí 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 22. nóvember 1984.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Grindavíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 15. nóvember 1984 staðfest aðalskipulagsupphrátt fyrir Grindavík.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af bæjarstjórn Grindavíkur og Skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 15. nóvember 1984.

Alexander Stefánsson.

Hólmsfríður Snæbjörnsdóttir.